


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	Uppeldisfræði 203 (UPP203) Kennsluáætlun haustönn 2013	

Kennari	Valgerður Dögg Jónsdóttir	Sk.st.	VAL
----------------	---------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Nemendur kynna sér áhrifaþætti í uppeldi barna, s.s. listir, barnaheimspeki, hreyfingu, fjölmiðla, tölvunotkun o.fl. Einnig áhrif ólíkra þroskahamlanna, áfalla og kvíðavaldra t.d. langvarandi veikindi, sorgarferli, vanrækslu og ofbeldi. Einnig athuga nemendur lagalegan rétt barna, bæði á Íslandi og annarstaðar, og hverjum beri að gæta réttinda þeirra og þær stofnanir sem koma að uppeldi þeirra.

Nemendur kynna sér markmið uppeldis á Íslandi og skipulagðar leiðir sem farnar eru að þessum markmiðum. Skoðuð eru markmið leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla eins og þau koma fram í opinberum gögnum.

Nemendur skoða hugmyndafræði, markmiðssetningu og skipulag valinna uppeldis- og/eða menntunarstofnana. Nemendur kanna merkingu hugtaka á borð við greind, skap, lund, óþekkt, agi, hlýðni, forvarnir, klámvæðing, jafnrétti, sjálfstæði, áföll, sorg, geðrænir sjúkdómar o.fl.

Áhersla er lögð á sjálfstæði nemenda og samvinnu við skipulagningu og upplýsingaleit. Nemendum er ætlað að kynna niðurstöður sínar hver fyrir öðrum. Námsfnið er sveigjanlegt og því geta nemendur haft ráðrúm til að leggja áherslu á þá þætti sem þeir telja áhugaverðasta hverju sinni.

Markmið:


- Að nemendur kynni sér ákveðna áhrifaþætti í uppeldi, bæði jákvæða og neikvæða.
- Að nemendur kynni sér stofnanir sem hafa eftirlit og umsjón með uppeldi barna á Íslandi og annarstaðar í heiminum.
- Að nemendur öðlist innsýn í starfsemi helstu uppeldisstofnana í samfélaginu.
- Að nemendur öðlist þekkingu á réttindum barna og unglunga skv. lögum og sáttmálum sem Ísland á aðild að.
- Að nemendur þjálfist í verkefnavinnu, bæði sem einstaklingur og sem hluti af hóp.

Námsgögn:

Greinar, netsíður og annað sem kennari bendir nemendum sínum á eða afhendir þau í tíma.

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni (bóklegur hluti)	Verkefni
34	Kynning á áfanga.	
35	Vangaveltur um námsþætti + nauðsynleg hugtök uppeldisfræðinnar.	Upphaf dagbókar 26. ágúst Skila mánudaginn 21. okt 15%
36 - 37	Jákvæðir áhrifaþættir á uppeldi barna og unglunga: listir, bækur, heimspeki, fjölmiðlar, tölvan, íþróttir, mataræði, agi o.fl.	Verkefni 8% Utanaðkomandi fyrirlestur/heimsókn
38 - 39	Forvarnir.	Skýrsla undirbúin Utanaðkomandi fyrirlestur
40	Úrræði samfélagsins fyrir börn sem eiga við ýmis alvarleg vandamál að glíma.	Verkefni 7% Skiladagur föstudagur 13. sep.
41	Forvarnir - kynning	Skýrsla, veggsgjald og kynning 15% Skiladagur föstudag 11. okt.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	Uppeldisfræði 203 (UPP203) Kennsluáætlun haustönn 2013	

42	Könnun úr völdu efni.	Könnun 10%
43 25. okt – Helgi magri	Skipulagðar leiðir samfélagsins í uppeldi. Menntastofnanir: dagmæður, leiks-, grunn-, framhalds- og háskólar og aðrar slíkar stofnanir.	Umræður
44	Málþing – Réttindi og skyldur barna.	Föstudagur 1. nóv. Verkefni 10%
45 – 46 28. okt – börnun hyrna	Neikvæðir áhrifaþættir í uppeldi barna og unglunga: áföll, kvíðavaldar, sorg, vanræksla, ofbeldi o.fl.	Utanaðkomandi fyrirlestrar Fjölskylduverkefni 10% Skiladagur föstudaginn 22. nóv.
46 - 49	Lokaverkefni	Kynning á lokaverkefni 20%

Með fyrirvara um breytingar.

Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Lýsing	Vægi
2 Verkefni	Verkefni um jákvæða þætti í uppeldi og verkefni um úrræði samfélagsins fyrir börn sem eiga við erfiðleika að stríða.	15%
Dagbók	Dagbókarfærslur í hverri viku, amk. 2, um hin ýmsu málefni sem tengjast uppeldisumræðu – skiladagur 21. okt 2013	15%
Samvinnuverkefni	Fjölskyldan – skiladagur 22. nóv. 2013	10%
Kynning+ málst. - forvarmir	Kynning og umræða sem stjórnad er af nemendum - skiladagur	15%
Málþing	Málstofa með Fél 473 1. nóv. 2013 + verkefni	10%
Lokaverkefni	Nemendur fá frjálsar hendur	20%
Könnun	Könnun úr völdu efni – munnleg?	10%
Frammistaða á önn	Ástundun og virkni.	5%

Mæting:

- Áfanginn er símatsáfangi og því ekki lokapróf þess vegna er mjög mikilvægt að nemendur mæti í alla tíma.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils